

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/924
komudagur 23.1.2012



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. janúar 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu, 363. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Markmið frumvarpsins er að styrkja stöðir fyrir gjalddöku upplýsinga úr þjóðskrá og skapa fjárhagslegan grundvöll til að hefja endurgerð tölvukerfa Þjóðskrár Íslands.

Það er almenn skoðun Samtaka atvinnulífsins að notandi opinberrar þjónustu greiði eðlilegt endurgjald fyrir afnot sín m.a. til að koma í veg fyrir sóun verðmæta og að hið opinbera sé að veita þjónustu sem lítil eða engin eftirspurn er eftir. Hins vegar skortir mjög á samræmingu á gjalddöku fyrir veitta þjónustu af hálfu hins opinbera.

Alþingi samþykkti í desember 2006 ný lög um endurnotkun opinberra upplýsinga, sbr. lög um breytingu á upplýsingalögum nr. 50/1996. Lögini voru byggð á tilskipun Evrópusambandsins um sama efni en ganga þó lengra að nokkru leyti. Markmið laganna var að auka möguleika fyrirtækja og einstaklinga á að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera og stuðla þannig að hagvexti og atvinnusköpun en miklir hagnýtingarmöguleikar geta verið fölgirnir í að skapa ný verðmæti úr upplýsingum sem eru í vörslu stjórnvalda.

Með lögnum var fyrirtækjum og einstaklingum tryggður aðgangur að upplýsingum á kostnaðargrundvelli. Ríkið tekur þannig ekki gjald vegna höfundarréttar síns á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Almennungur greiðir því einungis þjónustugjald fyrir aðgang að upplýsingum sem má ekki vera hærra en sem nemur kostnaðinum við að veita aðganginn.

Samtök atvinnulífsins hvetja allsherjar- og menntamálanefnd til að tryggja að verðlagning á þjónustu sem umrætt frumvarp tekur til verði innan marka framangreindra ákvæða í upplýsingalögum sem Alþingi samþykkti í desember 2006.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins,